

Miðlalæsi á Íslandi

HLUTI II: FALSFRÉTTIR & UPPLÝSINGAÓREIÐA



Niðurstöður spurningakönnunar
Maskínu fyrir fjölmiðlanefnd



FJÖLMIÐLANEFND
ICELANDIC MEDIA COMMISSION

Júní 2021

Inngangsorð

Á síðustu árum hefur dreifing falsfrétta og upplýsingaóreiðu færst mjög í aukana á stafrænum miðlum. Tæknibreytingar hafa gert það að verkum að auðveldara er að dreifa upplýsingum og að sama skapi erfiðara að greina uppruna og sannleiksgildi hinna ýmsu upplýsinga. Hugtakið upplýsingaóreiða tekur m.a. til staðreyndavillna, rógburðar, netsvika og skoðanamótandi hálf-sannleiks. Þá tekur hugtakið bæði til þess þegar röngum upplýsingum er miðlað með skipulögðum hætti og án ásetnings. Samskiptamátinn sem notaður er til að koma skilaboðunum áleiðis getur verið margvíslegur.

Upplýsingaóreiða getur haft neikvæð áhrif á upplýsta umræðu um samfélagsleg málefni. Afleiðingar þess að dreifa falsfréttum geta verið alvarlegar þar sem þær grafa undan trausti í samfélaginu. Slíkum upplýsingum er jafnframt dreift með það að markmiði að misnota fólk og hafa af því fé með svikum og prettum. Þess vegna skiptir miklu máli að auka þekkingu og færni almennings, bæði um falsfréttir og ólík form upplýsingaóreiðu, með það að markmiði að fólk geti tekist á við krefjandi áskoranir í hinum stafræna heimi.

“**Miðlalæsi er mikilvægt til að efla gagnrýna hugsun þannig að almenningur geti dregið skynsamar ályktanir af þeim upplýsingum sem verða á vegi hans.**”

Fjölmiðlanefnd er ætlað það mikilvæga hlutverk samkvæmt lögum að efla miðlalæsi og auka skilning á hlutverki og notkun ólíkra miðla meðal almennings. Miðlalæsi hefur verið skilgreint sem geta almennings til að nota, greina og meta mátt mynda, hljóðs og skilaboða í samtíma-menningunni. Einnig sem hæfnin til að eiga í samskiptum í gegnum ólíka miðla. Miðlalæsi tekur til allra fjölmiðla, netsins og annarra stafrænna boðskiptaleiða. Miðlalæsi er mikilvægt til að efla gagnrýna hugsun þannig að almenningur geti dregið skynsamar ályktanir af þeim upplýsingum sem verða á vegi hans.

Með nýrri hljóð- og myndmiðlunartilskipun Evrópusambandsins (2018/1808/ESB), sem innleidd verður hér á landi með breytingum á lögum um fjölmiðla nr. 38/2011, er þetta hlutverk nefndarinnar áréttað enn frekar þar sem gert er ráð fyrir því að fjölmiðlanefnd geri áætlun og ráðstafanir til að efla og þroska miðlalæsi almennings og sendi þriðja hvert ár skýrslu til Eftirlitsstofnunar EFTA um árangurinn. Þar er sérstaklega kveðið á um mikilvægi þess að áætlunin nái til alls almennings en áherslan lengst af hefur verið á börn og ungmenni.

Til að hægt sé að móta heildstæða stefnu á sviði miðlalæsis og ákveða forgangsröðun verkefna er mikilvægt að fyrir liggi upplýsingar um færni og þekkingu ólíkra hópa í samfélaginu. Til þess að safna upplýsingum á þessu sviði lét fjölmiðlanefnd gera víðtæka spurningakönnun í febrúar og mars 2021. Byggir hún á norskri könnun sem hefur það m.a. að markmiði að



kortleggja færni almennings til að þekkja falsfréttir, geta greint ritstjórnarefni frá auglýsingum, geta áttað sig á uppruna heimilda, trausti til ólíkra miðla og hvernig eigi að gæta að meðferð persónuupplýsinga á netinu. Norska könnunin var upphaflega unnin af norsku fjölmiðlanefndinni Medietilsynet, í samstarfi við ráðgjafa- og könnunarfyritækið Kantar, prófessor Tore Slaatta í TSL Analytics og prófessor Ola Erstad við háskólann í Osló. Könnunin var þýdd og staðfærð af starfsmönnum fjölmiðlanefndar.

Niðurstöður þessarar spurningakönnunar verða kynntar í nokkrum hlutum. Í þessum öðrum hluta er fjallað um hversu algengt það er að sjá falsfréttir og upplýsingaóreiðu á ólíkum miðlum og færni almennings til að bera kennsl á slíkt efni. Einnig er fjallað um þær aðferðir sem almenningur notar til að bera kennsl á falsfréttir og hvaða aldurshópar eru líklegastir til að sjá falsfréttir. Einnig hefur verið reynt að greina hvaða hópar eru síst færir um að greina upplýsingaóreiðu þannig að í framhaldinu verði hægt að ná til þeirra sérstaklega. Þá var að gefnu tilefni sérstaklega spurt um COVID-19 falsfréttir.

“ Vonast er til að niðurstöður könnunarinnar gefi aukna innsýn í færni og þekkingu ólíkra hópa á miðlalæsi.

Niðurstöður könnunarinnar verða notaðar til að styrkja þekkingu og færni ólíkra hópa í samfélaginu, í samstarfi við hina ýmsu aðila sem hafa sömu markmið. Vonast er til þess að niðurstöður könnunarinnar gefi aukna innsýn í færni og þekkingu ólíkra hópa á miðlalæsi. Einnig er mikilvægt að geta nýtt niðurstöðurnar til samanburðar á milli Íslands og Noregs, tveggja norræna þjóða sem báðar hafa mikið aðgengi að netinu, leitarvélum og ólíkum samfélagsmiðlum.



Elfa Ýr Gylfadóttir
framkvæmdastjóri fjölmiðlanefndar



Samantekt

8 af 10
efuðust um
sannleiksgildi

Átta af hverjum tíu (**81.7%**) sögðust hafa rekist á upplýsingar á netinu á síðustu 12 mánuðum sem þau hafi efast um að væru sannar og 69,7% höfðu séð falsfréttir, fengið þær sendar eða rekist á þær með öðrum hætti á netinu á síðustu 12 mánuðum.

1
3
röng skoðun
vegna villandi
upplýsinga

Um þriðjungur þátttakenda (**31,6%**) sagðist hafa myndað sér ranga skoðun á opinberri persónu (t.d. stjórnmálamanni eða frægri manneskju) vegna villandi upplýsinga um hana í ýmsum miðlum. Þar munaði mest á yngsta og elsta aldurshópinum þar sem 45,1% í hópi 15-17 ára sögðust hafa myndað sér ranga skoðun á þennan hátt en 19,9% í hópi 60 ára og eldri.

69%
Covid-19
falsfréttir

Alls höfðu **69%** rekist á upplýsingaóreiðu/falsfréttir um kórónaveirufaraldurinn á netinu. Af þeim voru 83,1% sem sögðust hafa rekist á slíka upplýsingaóreiðu/falsfréttir á Facebook, 49,5% á vefsvæðum sem ekki eru með ritstjórn og 38,7% á öðrum samfélagsmiðlum (eins og t.d. Twitter, Snapchat, TikTok, Instagram og WhatsApp).

15-17 ára
efast síður en
leita frekar
aðstoðar

Yngsti aldurshópurinn (15-17 ára) ólíklegastur til að efast um sannleiksgildi upplýsinga en þar var um þriðjungur (30,5%) sem taldi það annað hvort frekar ólíklegt eða engar líkur. Í þeim aldurshópi voru sömuleiðis flest sem sögðust leita ráða hjá öðrum þegar að þeir rákust á fréttir sem þau efuðust um á netinu, eða 38,7% sem var mun hærra hlutfall en hjá öðrum aldurshópum.

60 ára +
sjá síður
falsfréttir

Fæstir í aldurshópnum 60 ára og eldri töldu sig hafa séð falsfréttir, fengið þær sendar eða rekist á þær með öðrum hætti á netinu á síðustu 12 mánuðum, en þar var hlutfallið 48,1% á meðan að meðaltalið úr öllum öðrum aldurshópum (15-59 ára) var 72,1%

**Aldur,
menntun
& tekjur**

Aldur, menntun og tekjur voru allt áhrifaþættir þegar könnuð voru viðbrögð við falsfréttum og sannleiksgildi upplýsinga. Aldurshópurinn 60 ára og eldri átti þar í mestum erfiðleikum með að bregðast við falsfréttum.

23,8%
aðhöfðust
ekkert

Algengast var að þátttakendur könnuðu aðrar heimildir sem þeir treystu til þess að meta hvort frétt væri sönn (**55,1%**). Þá skoðuðu 44,9% aðrar fréttir sem birtar höfðu verið á vefmiðlinum, 38,7% slógu efni fréttarinnar inn í leitarvél til að kanna hvort hún væri sönn en 23,8% aðhöfðust ekkert.




Niðurstöður

1.1 Falsfréttir og sannleiksgildi upplýsinga

Mikill munur milli Íslands og Noregs á mati falsfrétta og sannleiksgildi upplýsinga

Átta af hverjum tíu (81.7%) þátttakendum í könnuninni sögðust hafa rekist á upplýsingar á netinu á síðustu 12 mánuðum sem þeir hafi efast um að væru sannar. Í sambærilegri könnun sem gerð var í Noregi var svarhlutfallið 68% við sömu spurningu. Þá höfðu 44% Norðmanna fengið sendar eða rekist á falskar eða ósannar fréttir á netinu á síðustu 12 mánuðum. Í þessari könnun sögðust 69,7% Íslendinga hafa séð falsfréttir, fengið þær sendar eða rekist á þær með öðrum hætti á netinu á síðustu 12 mánuðum. Það er því talsverður munur á milli Noregs og Íslands þegar að kemur að mati á falsfréttum og sannleiksgildi upplýsinga.

Hefur þú efast um sannleiksgildi upplýsinga eða fengið sendar eða rekist á falskar eða ósannar fréttir á netinu á síðustu 12 mánuðum?




Mynd 1: Samanburður milli Íslands og Noregs á mati þátttakenda á falsfréttum og sannleiksgildi upplýsinga

Flestir í hópi 60 ára og eldri telja sig ólíklega til að blekkjast af falsfréttum

Þegar þátttakendur voru beðnir um að meta líkurnar á því að láta blekkjast af falsfréttum/upplýsingaóreiðu á netinu sögðu sex af hverjum tíu það frekar ólíklegt. Þá sögðu 5,6% engar líkur á því, 28,9% frekar líklegt og 5,4% mjög líklegt. Flestir þeirra sem mátu það frekar ólíklegt voru í hópi 60 ára og eldri (68,2%) en fæstir í aldurshópi 40-49 ára (53,2%). Sá aldurshópur var jafnframt sá hópur þar sem flestir (37,2%) sögðu það frekar líklegt að þeir myndu láta blekkjast. Yngsti aldurshópurinn, 15-17 ára, var þá sá hópur sem taldi það mjög líklegt að hann myndi blekkjast af falsfréttum (12,4%). Konur (43,8%) í yngsta hópnum (15-17 ára) voru um helmingi líklegri en karlar (22,2%) til að telja sig frekar eða mjög líklegar til að blekkjast af falsfréttum.

Hversu líklegt eða ólíklegt finnst þér að þú gætir orðið fyrir eftirfarnadi á netinu?

-Að ég láti blekkjast af falsfréttum/upplýsingaóreiðu




Mynd 2: Samanburður á aldurshópum á mati þátttakenda á líkum þess að láta blekkjast af falsfréttum/upplýsingaóreiðu



Fæstir í aldurshópnum 60 ára og eldri sögðust hafa séð eða fengið sendar falsfréttir

Karlar (74%) voru líklegri en konur (65%) til þess að sjá falsfréttir, fá þær sendar eða rekast á þær með öðrum hætti á netinu á síðustu 12 mánuðum. Hins vegar var ekki marktækur munur milli kynja varðandi það að efast um sannleiksgildi upplýsinga á netinu. Menntun hafði áhrif á mat falsfrétta og sannleiksgildi upplýsinga þar sem hlutfallið jókst eftir því sem menntunarstigið varð hærra. Hlutfall þeirra sem efast höfðu um sannleiksgildi upplýsinga á netinu á síðustu 12 mánuðum var hæst í aldersbilinu 18-49 ára (að meðaltali 86,3%) en lægst í hópi 60 ára og eldri (69,4%). Yngsti aldurshópurinn (15-17 ára) og elstu tveir (50 ára og eldri) voru þá hlutfallslega ólíklegri til þess að segjast hafa séð falsfréttir eða fengið þær sendar en þátttakendur á aldrinum 18-49 ára. Elsti aldurshópurinn (60 ára og eldri) skar sig þó mest úr, en þar höfðu 48,1% séð eða fengið sendar falsfréttir meðan að meðaltalið úr öllum öðrum aldurshópum (15-59 ára) var 72,1%. Þær tölur eru hærri en í norsku könnuninni þar sem 30% í hópi 60-79 ára höfðu séð falsfréttir og 50% í hópi 16-59 ára.

Hefur þú efast um sannleiksgildi upplýsinga eða fengið sendar eða rekist á falskar eða ósannar fréttir á netinu á síðustu 12 mánuðum?




Mynd 3: Samanburður á aldurshópum á upplifun af sannleiksgildi upplýsinga á netinu

Yngsti aldurshópurinn (15-17 ára) ólíklegastur til að efast um sannleiksgildi upplýsinga

Alls töldu 87% þátttakenda sig frekar eða mjög líklega til þess að efast um sannleiksgildi upplýsinga á netinu. Þá voru 11,4% sem töldu það frekar ólíklegt og 1,6% taldi engar líkur á því. Yngsti (15-17 ára) og elsti (60 ára og eldri) aldurshópurinn skáru sig úr þar sem hlutfallslega fleiri í þeim hópum töldu sig frekar ólíklega til þess að efast um sannleiksgildi upplýsinga en í öðrum aldurshópum. Í yngsta hópnum (15-17 ára) var hlutfallið hæst þar sem 22,2% töldu það frekar ólíklegt og 8,3% töldu engar líkur á því. Það er því rétt um þriðjungur (30,5%) þátttakenda í yngsta aldurshópnum sem telur það annað hvort frekar ólíklegt eða engar líkur á því að þau efist um sannleiksgildi upplýsinga. Í hópi þeirra sem töldu sig frekar ólíklega til að efast um sannleiksgildi voru flestir með grunnskólapróf (20%), næst flestir með framhaldspróf/iðnmenntun (14,9%) en fæstir með háskólapróf (6%).

Hversu líklegt eða ólíklegt finnst þér að þú gætir orðið fyrir eftirfarandi á netinu?

-Að ég efist um sannleiksgildi upplýsinga á netinu



Mynd 4: Samanburður eftir aldurshópum á mati þátttakenda á líkum þess að efast um sannleiksgildi upplýsinga á netinu




1.2 Skoðanamyndun vegna villandi upplýsinga í ýmsum miðlum

Ungt fólk er líklegra til að segjast hafa myndað sér ranga skoðun á opinberri persónu vegna villandi upplýsinga í ýmsum miðlum

Um þriðjungur þátttakenda (31,6%) sagðist hafa myndað sér ranga skoðun á opinberri persónu (t.d. stjórnálamanni eða frægri manneskju) vegna villandi upplýsinga um hana í ýmsum miðlum. Til samanburðar var svarhlutfallið 15% í norsku könnuninni þegar að spurt var á sambærilegan hátt. Mikill munur var á milli aldurshópa þar sem 45,1% í hópi 15-17 ára og 36,4% í hópi 18-29 ára sögðust hafa myndað sér ranga skoðun á þennan hátt en 21,9% í hópi 50-59 ára og 19,9% í hópi 60 ára og eldri. Einstaklingar með grunnskólapróf voru líklegri til þess að segjast hafa myndað sér ranga skoðun á opinberri persónu vegna villandi upplýsinga en þeir sem voru með meiri menntun. Þá var munur milli hópa eftir heimilistekjum þar sem 41,5% í næst tekjuhæsta hópnum með milljón kr. til 1.199 þúsund kr. á mánuði höfðu myndað sér ranga skoðun á þennan hátt en það hlutfall var um fjórðungi lægra í öllum öðrum tekjuhópum.

Hvað af eftirfarandi hefur þú upplifað á netinu, á síðustu 12 mánuðum?

-Myndað mér ranga skoðun á opinberri persónu (t.d. stjórnálamanni eða frægri manneskju), vegna villandi upplýsinga um hana í ýmsum miðlum



Mynd 5: Samanburður á aldurshópum á hlutfalli þeirra sem mynduðu sér ranga skoðun vegna villandi upplýsinga

Um helmingur telur líklegt að villandi upplýsingar í ýmsum miðlum geti orðið til þess að hann myndi sér ranga skoðun á opinberri persónu

Þegar þátttakendur voru beðnir um að meta líkur á því að þeir myndi sér ranga skoðun á opinberri persónu vegna villandi upplýsinga í ýmsum miðlum voru 47,7% sem töldu það annaðhvort frekar eða mjög líklegt. Sama hlutfall þátttakenda taldi það þó frekar ólíklegt (47,7%) og 4,6% töldu engar líkur á því. Þegar hlutfall þeirra, sem töldu það annaðhvort frekar ólíklegt eða engar líkur á því, er skoðað eftir aldri kemur í ljós mikill munur eftir aldurshópum. Í hópi 60 ára og eldri voru 69,4% sem töldu það frekar ólíklegt eða engar líkur á því, 50% á aldrinum 30-59 ára og 43,2% á aldrinum 15-29 ára. Konur (51,5%) eru líklegri en karlar (44,2%) til þess að telja það frekar eða mjög líklegt að villandi upplýsingar í miðlum geti orðið til þess að þær myndi sér ranga skoðun á opinberri persónu. Í yngstu tveimur aldurshópnum, 15-29 ára, voru konur (63,45%) líklegri en karlar (46,25%) til að telja það frekar eða mjög líklegt að mynda sér ranga skoðun á þennan hátt.




1.3 Viðbrögð við falsfréttum og sannleiksgildi upplýsinga


Einstaklingar með meiri menntun og hærri heimilistekjur telja sig frekar í stakk búna til þess að bregðast við aðstæðum þegar þeir sjá falsfréttir

Rétt rúmlega helmingur þátttakenda (53,9%) taldi sig eiga annaðhvort frekar eða mjög auðvelt með að bregðast við þeim aðstæðum ef þeir stæðu frammi fyrir því að láta blekkjast af falsfréttum/ ósönnnum fréttum á netinu. Þá töldu 31,8% sig í meðallagi í stakk búin til þess að bregðast við slíkum aðstæðum og 14,3% að þau ættu frekar eða mjög erfitt með það. Flestir í hópi 60 ára og eldri (23,5%) töldu sig eiga frekar eða mjög erfitt með viðbrögð og fæstir á aldursbilinu 30-49 ára (10,5%). Í elsta aldurshópnum (60 ára og eldri) voru konur (31,5%) líklegri en karlar (17,1%) til að telja sig eiga frekar eða mjög erfitt með viðbrögð. Einstaklingar með meiri menntun voru þá líklegri en aðrir til þess að telja sig eiga annaðhvort frekar eða mjög auðvelt með að bregðast við. Þar var hlutfallið 66,3% einstaklinga með framhaldspróf á háskólastigi, 55,5% með grunnnám á háskólastigi, 48,4% með framhaldspróf/iðnnám og 49,8% með grunnskólapróf sem töldu sig eiga frekar eða mjög auðvelt með viðbrögð. Einnig var munur milli hópa eftir heimilistekjum þar sem flestir í hópi þeirra sem áttu mjög eða frekar auðvelt með að bregðast við voru í tekjuhæsta hópnum með 1.200 þúsund kr. eða hærri tekjur á mánuði (63,4%) en fæstir í hópi þeirra sem voru með tekjur undir 549 þúsund kr. á mánuði (50%). Hlutfall þeirra sem taldi sig eiga frekar eða mjög erfitt með að bregðast við falsfréttum var hæst í hópi þeirra sem voru með tekjur undir 400 þúsund kr. á mánuði (24,4%) en lægst í hópi þeirra sem voru með tekjur yfir 1.200 þúsund kr. á mánuði (11,6%).


Hversu auðvelt eða erfitt ættirðu með að bregðast við ef þú stæðir frammi fyrir eftirfarandi aðstæðum á netinu? - Ef ég hefði látið blekkjast af falsfréttum/ósönnnum fréttum



Mynd 6: Samanburður á aldurshópum á mati þátttakenda á eigin getu til að bregðast við þeim aðstæðum að láta blekkjast af falsfréttum/ósönnnum fréttum



Mynd 7: Samanburður á tekjum þátttakenda og mati á eigin getu til að bregðast við þeim aðstæðum að láta blekkjast af falsfréttum/ósönnnum fréttum



Mynd 8: Samanburður á menntun þátttakenda og mati á eigin getu til að bregðast við þeim aðstæðum að láta blekkjast af falsfréttum/ósönnnum fréttum




1.4 Aðgerðir gegn falsfréttum

Um 55% þátttakenda kannaði aðrar heimildir sem þeir treystu en 23,8% gerðu ekkert þegar að þau rákust á fréttir sem þau efuðust um á netinu

Þátttakendur í spurningakönnuninni voru beðnir um að rifja upp og merkja við hvað þeir hefðu gert í síðasta skipti sem þeir rákust á frétt á netinu og drógu þá ályktun að hún væri röng eða um falsfrétt væri að ræða. Þar sögðust 55,1% hafa kannað aðrar heimildir sem þau treystu, 44,9% hafa skoðað aðrar fréttir sem birtar höfðu verið á vefmiðlinum, 38,7% hafa slegið efni fréttarinnar inn í leitarvél til að kanna hvort hún væri sönn, 23,8% sögðust ekki hafa aðhafst og 20,8% hafa kannað vefslóð/URL, https eða IP-tölu viðkomandi vefmiðils. Færri merktu við aðra valmöguleika. Til dæmis sögðust 12,7% hafa kannað upplýsingar um eigendur/ritstjórn vefmiðilsins, 12,2% könnuðu hvort fréttin væri sönn með aðstoð staðreyndavaktar (eins og staðreyndavakt Vísindavefsins), 12,1% leitaði ráða hjá öðrum, 7,2% blokkadu vefsíðuna eða þann sem sendi fréttina eða deildi henni og 1,4% tilgreindi aðrar aðgerðir.

Rifjaðu upp síðasta skipti sem þú rakst á frétt á netinu og dróst þá ályktun að hún væri röng eða að um falsfrétt væri að ræða. Gerðir þú eitthvað af eftirtöldu?



Mynd 9: Aðgerðir þátttakenda þegar að þeir sáu fréttir sem þeir töldu rangar

Annað, skýrðu nánar:

66 Ég les ekki fréttir á miðlum sem ég treysti ekki

66 Ég rekst oft á dag á fréttir sem ég met óáreiðanlegar, ég kanna færstar þeirra

66 Eða hundsa upplýsingarnar þar sem þær hafa ekki áhrif á mig

66 Skrifaði eitthvað fyndið við deilingu á fréttinni


66 Stólaði á grunnmenntun (barnaskóla) mína í vísindum til að ákvarða að þetta væri ekki hægt



Flestir í yngsta aldurshópnum 15-17 ára sögðust leita ráða hjá öðrum

Flestir sem sögðust leita ráða hjá öðrum voru í aldurshópnum 15-17 ára, eða 38,7% sem var mun hærra hlutfall en hjá öðrum aldurshópum, en næst á eftir kom aldurshópurinn 18-29 ára þar sem 14,1% leituðu ráða hjá öðrum. Konur (45,4%) voru þá líklegri en karlar (30,3%) í aldurshópi 15-17 ára til að leita sér ráða hjá öðrum. Flestir sem sögðust ekkert hafa aðhafst voru í hópi 60 ára og eldri (44,6%) og í hópi 50-59 ára (31%). Í tveimur elstu aldurshópnum (50 ára og eldri) voru konur (43,5%) líklegri en karlar (32,1%) til þess að segjast ekkert hafa aðhafst. Þátttakendur á aldursbilinu 18-39 ára sögðust hlutfallslega oftast en aðrir aldurshópar hafa kannað heimildir sem þeir treystu (66,7%), skoðað aðrar fréttir sem birtar höfðu verið á vefmiðli (53,7%), slegið efni fréttarinnar inn í leitarvél til að kanna hvort hún væri sönn (50,4%) og kannað vefslóð/URL, https eða IP-tölu viðkomandi vefmiðils (28,7%). Karlar á aldrinum 18-29 ára voru líklegastir til þess að kanna vefslóð/URL, https eða IP-tölu (47,2%) og kanna upplýsingar um eigendur/ritstjórn (33,3%). Til samanburðar könnuðu 21,7% kvenna í sama aldurshópi vefslóð/URL, https eða IP-tölu og 8,7% könnuðu upplýsingar um eigendur/ritstjórn.

Rifjaðu upp síðasta skipti sem þú rakst á frétt á netinu og dróst þá ályktun að hún væri röng eða að um falsfrétt væri að ræða. Gerðir þú eitthvað af eftirtöldu?



Mynd 10: Samanburður milli aldurshópa á aðgerðum þátttakenda þegar að þeir sáu fréttir sem þeir töldu rangar

Menntunarstig hefur áhrif á hvaða aðgerðum þátttakendur beittu til að kanna sannleiksgildi fréttar

Menntun virðist hafa áhrif á þær aðgerðir sem þátttakendur grípa til þegar að mögulegar falsfréttir verða á vegi þeirra. Með meiri menntun er líklegra að þátttakendur kanni aðrar heimildir. Má þar nefna að slá efni fréttarinnar inn í leitarvél, kanna vefslóð, URL/https eða IP-tölu og kanna upplýsingar um eigendur/ritstjórn vefmiðils. Í tveimur valmöguleikum jókst svarhlutfallið eftir því sem menntunarstigið lækkaði, en það var annars vegar þegar þátttakendur völdu að aðhafast ekkert og hins vegar þegar þeir völdu að leita ráða hjá öðrum.




1.5 Viðbrögð við falsfréttum og sannleiksgildi upplýsinga

Flestir rákust á falsfréttir um kórónaveirufaraldurinn á Facebook

Af þátttakendum í könnuninni voru 69% sem sögðust hafa rekist á upplýsingaóreiðu/falsfréttir um kórónaveirufaraldurinn á netinu. Af þeim voru 83,1% sem sögðust hafa rekist á slíka upplýsingaóreiðu/falsfréttir á Facebook, 49,5% á vefsvæðum sem ekki eru með ritstjórn og 38,7% á öðrum samfélagsmiðlum (eins og t.d. Twitter, Snapchat, TikTok, Instagram og WhatsApp). Aðrir staðir sem þátttakendur nefndu voru YouTube (30,9%), ritstýrð dagblöð (22,3%), Google (20,1%), blogg (8,7%) og tölvupóstur (4,3%). Í Noregi hafði helmingur þátttakenda (51%) í sambærilegri könnun rekist á falsfréttir um kórónaveirufaraldurinn og einn af hverjum þremur sagði það hafa verið á Facebook.

Hvar rakst þú á upplýsingaóreiðu/falsfréttir um kórónaveirufaraldurinn?




Mynd 11: Samanburður á svæðum á netinu þar sem þátttakendur rákust á falsfréttir/upplýsingaóreiðu um kórónaveirufaraldurinn

Hlutfallslega fleiri á höfuðborgarsvæðinu en landsbyggðinni rákust á falsfréttir um faraldurinn

Algengast var að þátttakendur í aldurshópnum 18-29 ára og 30-39 ára hefðu rekist á upplýsingaóreiðu/falsfréttir um kórónaveirufaraldurinn á netinu, eða 75% í báðum aldurshópum. Þá höfðu fæstir í elsta aldurshópnum, 60 ára og eldri, rekist á falsfréttir um faraldurinn, en í þeim hópi var það þó rétt rúmlega helmingur (53,9%) sem er yfir heildarmeðaltalinu í Noregi. Þá var algengara að þátttakendur með búsetu í Reykjavík (72,3%) og nágrennasveitarfélögum (70,8%) hefðu rekist á upplýsingaóreiðu/falsfréttir um faraldurinn en á landsbyggðinni (63,8%).

Hefur þú rekist á upplýsingaóreiðu/falsfréttir um kórónaveirufaraldurinn á netinu?



Mynd 12: Samanburður eftir búsetu á því hvort þátttakendur töldu sig hafa rekist á upplýsingaóreiðu/falsfréttir um kórónaveirufaraldurinn á netinu



Mikill munur milli aldurshópa á því hvar þátttakendur sáu upplýsingaóreiðu/falsfréttir
Nú af hverjum tíu í aldurshópnum 18-29 ára og 30-39 ára, sem rákust á upplýsingaóreiðu/falsfréttir um kórónaveirufaraldurinn, gerðu það á Facebook. Í hópnum 60 ára og eldri var hlutfallið lægra, eða 7 af hverjum 10 sem tilgeindu Facebook, og rétt tæpur helmingur í yngsta aldurshópnum, 15-17 ára. Flestir í yngsta aldurshópnum, eða 77,4%, rákust á falsfréttir á öðrum samfélagsmiðlum (eins og t.d. Twitter, Snapchat, TikTok, Instagram eða WhatsApp). Þá hafði yfir þriðjungur í yngsta aldurshópnum séð falsfréttir á Google, YouTube og vefsvæðum sem ekki lúta ritstjórn. Flestir sem rákust á falsfréttir í ritstýrðum dagblöðum voru í hópi 60 ára og eldri en þar var þriðjungur (33,5%) sem rekist hafði á slíkt í tengslum við faraldurinn.

1.6 Fékkstu á tilfinninguna að fréttin væri ósönn?

Konur fengu það frekar á tilfinninguna en karlar að fréttin væri ósönn

Í spurningakönnuninni fengu þátttakendur dæmi um raunverulega frétt (sjá mynd 13) með fyrir sögninni „Bolsonaro gagnrýnir bóluefni gegn kórónuveirunni – „þú getur breyst í krókóðil““ og spurningunni: „Fékkst þú á tilfinninguna að fréttin væri ósönn þegar að þú last hana?“. Alls fengu 76,1% það á tilfinninguna að fréttin væri ósönn en 23,9% svöruðu því neitandi. Konur voru hlutfallslega líklegri en karlar til þess að fá það á tilfinninguna að fréttin væri ósönn, þar sem 83,2% kvenna svöruðu játandi og 69,8% karla. Þá voru 91,4% í aldurshópnum 15-17 ára sem fengu það á tilfinninguna að fréttin væri ósönn, sem var töluvert meira en í öðrum hópum (18 ára og eldri) þar sem meðaltal þeirra sem svaraði játandi var um 77%. Þátttakendur með grunnskólapróf voru þá líklegri en aðrir til þess að fá það á tilfinninguna að fréttin væri ósönn. Þá skáru tvö tekjubil sig frá öðrum þar sem einstaklingar með tekjur undir 400 þúsund kr. og á bilinu 800-999 þúsund kr. á mánuði voru líklegri en aðrir til að telja fréttina ósanna. Rétt er að taka það fram að ekki er víst að allir þátttakendur hafi lagt sama skilning í spurninguna, þ.e. hvort lagt hafi verið mat á hvort fréttin sjálf væri ósönn eða innihaldið í ummælum Bolsonaro sem fréttin byggði á.

Bolsonaro gagnrýnir bóluefni gegn kórónuveirunni – „Þú getur breyst í krókóðil“

Kristján Kristjánsson
Þriðjudaginn 22. desember 2020 07:47



Jair Bolsonaro.

Jair Bolsonaro, forseti Brasilíu, hefur gagnrýnt bóluefni gegn kórónuveirunni harðlega og sakar lyfjafyrirtækin um að taka ekki ábyrgð. Hann hefur gefið í skyn að bóluefnið frá Pfizer og BioNTech geti breytt fólki í krókóðila eða skeggiðar konur.


Mynd 13: Dæmi um raunverulega frétt sem lögð var fyrir þátttakendur í könnuninni



Bull/öfgakennt/ómögulegt

Þeir þátttakendur sem fengu það á tilfinninguna að fréttin væri ósönn voru spurðir nánar að því hvað það hefði verið sem gaf það til kynna. „Bull/öfgakennt/ómögulegt“, sögðu 65,7% aðspurðra, 40,2% sögðu það hafa verið „framsetning/fyrirsögn fjölmiðils“, 12% sögðu „Bolsonaro“, 4,3% sögðu „engar heimildir“, 2% sögðu „samsæri/áróður“ og 6,8% sögðu „annað“. Flestir á aldrinum 15-17 ára sögðu „bull/öfgakennt/ómögulegt“ eða 79,7%, þar á eftir kom aldurshópur 50-59 ára (71,4%) og 60 ára og eldri (69,3%). Þátttakendur á aldrarsbilinu 18-49 ára voru líklegri en aðrir til þess að tilgreina „framsetning/fyrirsögn fjölmiðils“ sem ástæðuna og þar voru flestir í hópi 18-29 ára (57%). Flestir sem sögðu „Bolsonaro“ voru í hópi 60 ára og eldri (16,7%) og flestir sem sögðu „engar heimildir/sannanir“ voru í yngstu tveimur hópunum 15-29 ára (8,1%).

Af hverju féksktu á tilfinninguna að fréttin væri ósönn?



Mynd 14: Dæmi um ástæður fyrir því að þátttakendur fengu það á tilfinninguna á frétt væri ósönn

Annað:

“ Að breytast í krókódíl er líffræðilega ekki hægt

“ Að forystumaður heillar þjóðar haldi slíku fram

“ Af því að þó að hann sé með skrítnar skoðanir þá varla svona

“ Einhverskonar æsifrött

“ Allt við þessa frétt er tóm steypa

“ Almenn skynsemi

“ Clickbait titill

“ Dramatísk mynd

“ Ekki einu sinni Trump myndi detta þetta í hug

“ Ég veit betur




1.7 Sjónarhorn og gildi

Karlar skoða frekar aðra fréttamiðla sem miðla öðru sjónarhorni/gildum en þeir sjálfir aðhyllast

Helmingur þátttakenda (49,1%) var frekar eða alveg sammála fullyrðingunni „ég skoða oft fréttamiðla sem miðla öðru sjónarhorni/gildum en þeim sem ég aðhyllist sjálf/sjálfur“. Karlar (55,6%) voru þá líklegri en konur (41,8%) til þess að vera frekar eða alveg sammála fullyrðingunni. Þegar að niðurstöðurnar eru skoðaðar með tilliti til aldurs kemur í ljós að þátttakendur 50 ára og eldri (59,9%) voru líklegri en aðrir (40,8%) til að vera frekar eða alveg sammála fullyrðingunni. Aldurshópurinn 18-29 ára var ólíklegastur til að vera sammála fullyrðingunni þar sem 34% þátttakenda sögðust frekar eða alveg sammála því að þeir skoði oft fréttamiðla sem miðli öðru sjónarhorni/gildum en þeim sem þeir aðhyllist sjálfir. Í heildina voru 34,2% sem sögðust hvorki sammála né ósammála, 13,9% sem sögðust frekar ósammála og 2,7% alveg ósammála.

Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu? - Ég skoða oft fréttamiðla sem miðla öðru sjónarhorni/gildum en þeim sem ég aðhyllist sjálf/sjálfur




Mynd 15: Samanburður á kynjum og hlutfalli þeirra sem skoða fréttamiðla sem miðla öðru sjónarhorni/gildum en þátttakendur aðhyllast sjálf/sjálfur

Fleiri í Reykjavík og nágrennasveitarfélögum segjast skoða fréttir um sama umfjöllunarefni á ólíkum fréttamiðlum til að skilja það betur

Þegar þátttakendur voru spurðir hversu sammála eða ósammála þeir væru fullyrðingunni „ég skoða oft fréttir um sama umfjöllunarefni á ólíkum fréttamiðlum til að skilja það betur“ voru 68,5% frekar eða alveg sammála. Þá voru 19% hvorki sammála né ósammála, 9,6% frekar ósammála og 2,8% alveg ósammála. Yngsti aldurshópurinn 15-17 ára var þá líklegastur til að vera ósammála fullyrðingunni þar sem 25,7% sögðust frekar eða alveg ósammála, en til samanburðar var meðaltalið úr öðrum aldurshópum 11,5%. Þátttakendur með búsetu í Reykjavík og nágrennasveitarfélögum (73,65%) voru líklegri en þátttakendur með búsetu á landsbyggðinni (59%) til að vera frekar eða alveg sammála fullyrðingunni.

Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu? - Ég skoða oft fréttir um sama umfjöllunarefni á ólíkum fréttamiðlum til að skilja það betur




Mynd 16: Samanburður á búsetu og hlutfalli þeirra sem skoða fréttir um sama umfjöllunarefni á ólíkum fréttamiðlum til að skilja það betur



Helmingur segist alltaf kanna sannleiksgildi fréttanna áður en þeim er deilt með öðrum

Um helmingur þátttakenda (52,1%) var frekar eða allveg sammála fullyrðingunni „ég kanna alltaf sannleiksgildi fréttanna áður en ég deili þeim með öðrum“. Yngsti aldurshópurinn var ólíklegastur til að vera sammála fullyrðingunni, þar sem 36,4% sögðust frekar eða allveg sammála. Hópur 60 ára og eldri kom þar næstur á eftir þeim yngsta þar sem 40,8% voru frekar eða allveg sammála fullyrðingunni. Þegar að niðurstöðurnar eru skoðaðar með tilliti til menntunar kemur í ljós að þátttakendur með hærra menntunarstig eru líklegri en aðrir til að kanna sannleiksgildi fréttanna áður en þeim er deilt með öðrum. Helmingur þátttakenda (49,9%) með grunnskólapróf var frekar eða allveg sammála fullyrðingunni en 60,3% þeirra sem voru með framhaldspróf á háskólastigi.

Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingu? - Ég kanna alltaf sannleiksgildi fréttanna áður en ég deili þeim með öðrum



Mynd 17: Samanburður á aldurshópum og hlutfalli þeirra sem könnuðu sannleiksgildi fréttanna áður en þeim var deilt með öðrum

Um spurningakönnunina

Könnunin um fjölmiðla- og netnotkun og færni almennings var framkvæmd af Maskínu fyrir fjölmiðlanefnd. Könnunin var lögð fyrir Þjóðgátt Maskínu, sem er þjóðhópur (e. panel) sem dreginn er með tilviljun úr Þjóðskrá, á netinu. Svarendur eru alls staðar að af landinu og á aldrinum 18 ára og eldri. Könnunin var einnig lögð fyrir úrtak ungmenna á aldrinum 15-17 ára sem dregið var með tilviljun úr Þjóðskrá.

“ Meginmarkmið könnunarinnar er að búa til ramma fyrir stefnumótun á sviði miðlalæsis svo að hægt sé að bregðast við með aðgerðum til úrbóta.

Við úrvinnslu voru gögnin vegin til samræmis við tölur Hagstofunnar þannig að hópurinn sem svarar endurspeglir þjóðina á þessum aldri út frá kyni og búsetu. Við vigtun gagna getur birst örlítið misræmi í fjöldatölum og hlutföllum sem orsakast af námundun. Könnunin fór fram í febrúar og mars 2021 og voru svarendur 1.442 talsins.

Meginmarkmið könnunarinnar er að búa til ramma fyrir stefnumótun á sviði miðlalæsis svo að hægt sé að bregðast við með aðgerðum til úrbóta þar sem skóinn kreppir og beina fræðslu til þeirra hópa sem helst þurfa á henni að halda. Einnig að kanna færni og þekkingu almennings með reglubundnum hætti þannig að hægt verði að kanna hvernig hún breytist með tímanum. Með því verður mögulegt að þróa rammann í takti við breytta notkun á ólíkum miðlum.

Rannsóknir hafa sýnt að munur getur verið á því hvaða færni almenningur telur sig hafa og hvaða þekking er til staðar þegar almenningur fær raunhæf verkefni sem kannar færni sérstaklega. Þá þarf að gæta mjög vel að því hvernig slíkar spurningar eru settar fram þannig að það fái marktækar niðurstöður. Í rannsókninni er leitast við að kanna bæði álit almennings á eigin þekkingu og hvaða færni fólk býr yfir.

Niðurstöðurnar benda til þess að misræmi sé á milli þess hvaða þekkingu fólk telur sig búa yfir og hver færni almennings er þegar búið er að leysa úr ýmsum raunhæfum dæmum, sérstaklega meðal elsta og yngsta aldurshópsins.





FJÖLMÍÐLANEFND
ICELANDIC MEDIA COMMISSION

Útgáfudagur
10.06.2021

Útgefandi
Fjölmiðlanefnd - Icelandic Media Commission

Ritstjórn
Elfa Ýr Gylfadóttir - Framkvæmdastjóri fjölmiðlanefndar
Skúli Bragi Geirdal - Verkefnastjóri miðlalæsis hjá fjölmiðlanefnd